Lýsigögn

Hagstofa Íslands

Áfengisneysla

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
1.3 Nafn tengiliðar	Guðrún Berta Stefánsdóttir
1.6 Netfang tengiliðar	gudrun.b.stefansdottir@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1034

2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	2. desember 2021

3. Framsetning

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

3.1 Lýsing á gögnum	Tilgangur er að sýna áætlaða neyslu áfengra drykkja og hvernig sú drykkja skiptist á milli léttra vína, sterkara áfengis og bjórs. Tölur um áfengisneyslu eru til frá árinu 1881 en eru byggðar á ólíkum heimildum. Fram til 1935 styðjast áætlanir við opinberar innflutningsskýrslur en frá árinu 1935 og fram til 1. desember 1995 er byggt á sölutölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR). Frá þeim tíma og fram til ársins 2007 er áfram byggt á sölutölum ÁTVR en einnig á upplýsingum frá leyfishöfum um innflutning, heildsölu eða framleiðslu á áfengi. Frá og með árinu 2008 er gerð breyting varðandi þær gagnalindir sem notaðar eru við áætlun áfengisneyslunnar og byggt á gögnum frá fjármálaráðuneyti um álagningu áfengisgjalds á innflutning og innlenda framleiðslu áfengis eftir gjaldflokkum áfengisgjalds og á sölutölum ÁTVR. Byggt er á gögnum fjármálaráðuneytisins um álagningu áfengisgjalds á innflutning og innlenda framleiðslu áfengis samkvæmt upplýsingum frá fjársýslunni um ársuppgjör umsjónarmanna. Einnig er byggt á sölutölum ÁTVR. Efnið nær yfir árlega áætlaða heildarneyslu áfengis. Metin er heildarneysla íbúa mælt í alkóhóllítrum og magn neyslu á íbúa og á íbúa 15 ára og eldri. Enn fremur eru tölur eftir skiptingu í bjór, létt vín (með vínandainnihald að hámarki 15%) og sterka drykki (með vínandainnihald meira en 15% eða gosblandaða drykki með sterkum áfengisgrunni). **Vínandainnihald**: Sýnir hlutfall vínandainnihalds af rúmmáli. **Alkóhóllítrar**: Lítrar af hreinu alkóhóli. **Létt vín**: Með vínandainnihald að hámarki 15%. **Sterkt vín**: Með vínandainnihald meira en 15% eða gosblandaða drykki með sterkum áfengisgrunni.
3.2 Flokkunarkerfi	
3.3 Umfang efnis - þekja	Efnið nær yfir árlega áætlaða heildarneyslu áfengis á Íslandi.
3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar	

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

3.5 Hagskýrslueining	
3.6 Þýði	
3.7 Svæði	Heildartölur eru gefnar fyrir allt landið.
3.8 Tímabil	Viðmiðunartími er almanaksárið.
3.9 Grunntímabil	
4. Mælieining	
4. Mælieining	Lítrar
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	
6. Umboð	
6.1 Lög og reglugerðir	Lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98. Lög um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995. Í reglugerð um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni er kveðið á um að leyfishöfum sé skylt að senda skýrslur um framleiðslu og sölu áfengis til Hagstofunnar. Hagstofan er sem stendur ekki að nýta sér þessa heimild til gagnasöfnunar þar sem nú er byggt á öðrum gagnalindum.
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna.

7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	Sjá lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98, greinar 10 til 13.
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	Birtingar verða tilkynntar og settar á birtingaráætlun í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	Birtingaráætlun er aðgengileg á vef Hagstofunnar.
8.3 Aðgengi fyrir notendur	Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „Heilbrigðismál“.
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	Talnaefni er uppfært árlega.
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Fréttatilkynningar um áfengisneyslu koma að jafnaði samhliða birtingum en eigi síður en í maí ár hvert með upplýsingum um áfengisneyslu næstliðins árs.
10.2 Útgáfur	
10.3 Gagnasöfn á netinu	Áætlað er að gefa út talnaefnið árlega með uppfærslu veftöflu á vef Hagstofunnar. Auk þess er tölum um áfengisneyslu miðlað árlega til NOMESKO (norrænu tölfræðinefndarinnar um heilbrigðismál) og í gagnagrunn OECD um heilbrigðismál og eftir því sem fyrirspurnir berast. Þær upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðum þessara stofnanna.
10.4 Aðgengi að örgögnum	Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum til vísindarannsókna frá Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar.

10.5 Annað	
10.6 Skjöl um aðferðafræði	
10.7 Skjöl um gæðamál	
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð.
11.2 Gæðamat	
12. Notagildi	
12.1 Þarfir notenda	Helstu notendur eru innlendar stofnanir og samtök, einstaklingar, fjölmiðlar og alþjóðastofnanir. Efnið nýtist aðilum t.d. við stefnumótun og almenna umfjöllun.
12.2 Ánægja notenda	
12.3 Heildstæðni	
13. Nákvæmni og áreiðanleiki	

13.1 Nákvæmni	Rof er í tímaröðinni frá og með árinu 2008 vegna breytinga á gagnalindum. Horfið var frá ítarlegri innsöfnun gagna frá leyfishöfum en áfram stuðst við sölutölur ÁTVR (nú Vínbúðarinnar). Frá og með 2008 eru grunngögn álögð gjöld á innflutning og framleiðslu áfengis hér á landi í milljónum króna samkvæmt ársuppgjöri umsjónarmanna (tollstjóra og ríkisskattstjóra) og fjárhæð áfengisgjalds á sentilítra í hverjum gjaldflokki sbr. lög nr. 96/1995. Einhver munur getur verið á álögðum gjöldum og endanlegum tekjum af áfengisgjaldi skv. ríkisreikningi. Álögð áfengisgjöld eru tiltæk eftir gjaldflokkum en heildartekjur skv. ríkisreikningi. Álögð áfengisgjöld veita upplýsingar um skattlagða alkóhóllítra eftir gjaldflokkum. Þar sem áfengisgjald í tveimur af þremur gjaldflokkum er lagt á hvern sentilítra af vínanda umfram 2,25 sentilítra (vegna öls og létts víns) þarf að umreikna skattlagða alkóhóllítra í selda alkóhóllítra. Til þess er stuðst við hlutfallið milli skattlagðra og seldra alkóhóllítra í sölutölum ÁTVR. Ekki þarf að umreikna sterkt áfengi þar sem það er skattlagt að fullu. Niðurstaða af þessu er áætluð heildarsala í lítrum af hreinum vínanda sem endurspeglar heildarneyslu. Samanburður á notkun mismunandi gagnalinda við áætlun áfengisneyslu árið 2007 gefur til kynna að áfengisneysla á íbúa 15 ára og eldri sé heldur hærri samkvæmt nýju reikningsaðferðinni en þeirri eldri. Skýrist það ef til vill af því að áður var alfarið miðað við selt magn en nú við magn skv. álagningu og því gæti hluti þess enn verið í vörslu birgja við áramót. Frá 1993 til 2007 er létt vín skilgreint sem allt vín 22% eða minna að styrkleika en 15% og minna frá og með 2008 (sbr. gjaldflokk áfengisgjalds um létt vín). Á samsvarandi hátt eru sterk vín skilgreind með vínandainnihald yfir 22% að styrkleika árin 1993–2007 en með yfir 15% frá og með 2008. Ber að hafa þetta í huga við samanburð á milli tímabila.
13.2 Úrtaksvillur	
13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)	Ekki er víst að allt það magn áfengis sem gjöld hafa verið lögð á sé selt/eða þess neytt á viðkomandi ári. Er það háð stöðu hjá birgjum um áramót. (Dæmi: Sýnileg aukning er á álagningu í desember 2015 m.v. árin á undan sem er líklega vegna hækkunar áfengisgjalds um 20% 1. jan. 2016 til móts við lækkun virðisaukaskatts úr 24% í 11%). Ekki er unnt að reikna skekkjumörk þar sem tölur eru ekki fengnar með úrtakskönnunum.

14. Tímanleiki og stundvísi

14.1 Tímanleiki	Öflun og úrvinnsla gagna fer fram á fyrri hluta árs fyrir árið á undan. Leitast er við að tölur næstliðins árs liggi fyrir eigi síðar en í maí árið eftir eða eins fljótt og auðið er.
14.2 Stundvísi	

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

15. Samræmi og samanburðarhæfni	
15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	Hagstofan leggur árlega til tölur um áfengisneyslu í gagnagrunn OECD um heilbrigðismál þar sem gerður er samanburður á heimsvísu. Auk þess fara tölurnar til NOMESKO (norrænu tölfræðinefndarinnar um heilbrigðismál) þar sem samanburður er gerður við sambærilegar tölur á hinum Norðurlöndunum.
15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma	Samanburður er gerður við fyrri ár. Sala bjórs frá 1. mars 1989 hefur áhrif á samanburð fyrir og eftir þau tímamót. Breyting á gagnalindum 1995 og 2008 getur einnig haft í för með sér einhver áhrif á samanburð við fyrri ár. Tölur eru samanburðarhæfar nema í þeim tilvikum þar sem skilgreiningum og aðferðum við gagnasöfnun hefur verið breytt. Þegar slíkt hefur verið gert er það tekið sérstaklega fram við birtingu talna.
15.3 Samræmi – milli efnissviða	
15.4 Samræmi – innan efnissviðs	

16. Kostnaður og svarbyrði	
16. Kostnaður og svarbyrði	Fjármálaráðuneytið sendir Hagstofu árlega gögn fyrir lok apríl um álagningu áfengisgjalds á innflutning og innlenda framleiðslu áfengis næstliðins árs. Álagningin er fengin úr ársuppgjöri umsjónarmanna sem ráðuneytið fær frá fjársýslunni. ÁTVR sendir Hagstofu árlega upplýsingar fyrir lok apríl um sölutölur næstliðins árs.

17. Endurskoðun hagtalna	
17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	Sjá stefnu Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.
17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd	

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

18. Úrvinnsla hagskýrslna	
18.1 Grunngögn	Grunngögn berast til Hagstofunnar með tölvupósti í Excel-töflum.
18.2 Tíðni gagnasöfnunar	Árleg.
18.3 Gagnasöfnun	Fjármálaráðuneytið sendir Hagstofu árlega gögn um álagningu áfengisgjalds á innflutning og innlenda framleiðslu áfengis næstliðins árs. Álagningin er fengin úr ársuppgjöri umsjónarmanna sem ráðuneytið fær frá fjársýslunni. ÁTVR sendir Hagstofunni árlega upplýsingar um sölutölur næstliðins árs.
18.4 Sannprófun	
18.5 Gagnavinnsla	Öflun og úrvinnsla gagna fer fram á fyrri hluta árs fyrir árið á undan.
18.6 Aðlögun	

19. Athugasemdir	
19. Athugasemdir	